

Fundur í Fagráði loftræstikerfa nr. 1

Fundarefni:	Heita vatnið. Lokafrágangur lagnakerfa. Önnur mál.		
Fundardagur:	21.09.2011	Fundartími:	16.30 – 18.00
Fundarstaður:	Lagnatækni, Hamraborg 12	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinnsson (SP), Kjartan Mar Eiríksson (KME), Guðmundur Jónatansson (GJ) og Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG).		
Dreifing:	Fundarmenn, Karl Hákon Karlsson (KHK), Kristján Ottóson LAFÍ.		

Fundurinn hófst með almennum samræðum um stöðu verka hjá hönnuðunum og smiðjunum. Staðan hjá hönnuðum er sínu verri. Það er áhyggjuefni að lagnamenn þurfi að starfa tímabundið á öðrum vettvangi vegna ástandsins. Þessi hópur er ekki stór og sú þekking sem við lagnamenn búum yfir er verðmæt og er fljót að tapast ef henni er ekki haldið við. Mennt voru sammála og núverandi fyrirkomulag á fundum og fundartími hentaði ágætlega, þ.e.a.s. seinnihluti dags.

Stjórn LAFÍ óskaði eftir því við fagráðið að það fjallaði um tvö málefni;

- Heita vatnið og þá sérstaklega m.t.t. öryggismála. Ráðstefna hugsanlega fyrirhuguð.
- Lokafrágangur lagnakerfa.

Heita vatnið:

Ekki var farið djúpt í umræður um þetta efni, en stefnt að áframhaldandi umræðu. Þó var rætt um núverandi fyrirkomulag og möguleika á stýringu á hitastigi heits neysluvatns. Ef þetta verður innleitt í allar nýbyggingar og farið í endurbætur á eldra húsnæði skapast ákveðin slyshætta þar sem við erum þá komnir með tvöfalt kerfi. Þ.e.a.s. tvö sambærileg hús; annað með hitastýrðu neysluvatni 60-65°C og hitt með 80°C. Mennt benda einnig á að þetta yrði ákveðin breytingartími sem mennt myndu gera sér grein fyrir, samskonar og var í rafmagninu.

Minnst var á að bækling sem Orkuveitan kom m.a. að á sýnum tíma. Einnig er vert að minnst á vefsíðuna <http://www.stillumhitann.is/>. Allt hefur þetta haft jákvæð áhrif í umræðuna um notkun á heitu neysluvatni.

Lokafrágangur lagnakerfa:

Þetta er þarft málefni að ræða og var mönnum efst í huga þeir þættir sem Lagnafélagið er að reyna að koma inn í nýja útgáfu Byggingarreglugerðar. SP ætlar að reyna að kanna stöðuna á vinnu við endurbætur reglugerðarinnar hjá Mannvirkjastofnun. Einnig væri fróðlegt að vita hvort einhverjar athugasemdir hafi borist inn eftir að drögin að reglugerðinni voru kynnt í vor. Fagráðið mun funda nú á komandi tíð um þessi drög sem nú eru úti með það fyrir augum að reyna benda á það sem betur má fara.

Næsti fundur er ákveðinn vikuna eftir hátíðardagskrá LAFÍ, miðvikudaginn 12. október næstkomandi. Fundurinn verður haldinn hjá Mannvit, Grensásvegi 11 - 3.hæð.